

Alþingi
Erindi nr. P 132/278
komudagur 30.11.2005



Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2005
Tilvísun: 2005110026/90.12
JR/HMS/BH

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Þskj. 12. - 12. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint lagafrumvarp.

Frumvarpið er í þremur greinum og verður hér á eftir eingöngu fjallað um 1. grein þess.

Forsenda þess að nýta megi innskatt í rekstri er að viðkomandi fyrirtæki sé í virðisaukaskattskyldum rekstri og standi skil á útskatti af seldum vörum eða seldri þjónustu séu þau starfandi á innanlandsmarkaði.

Fyrirtæki, sem eru í blönduðum rekstri, þar sem hluti starfseminnar er undanþeginn virðisaukaskatti, þurfa að hlutfalla töku innskatts m.v. hlutfall virðisaukaskattskyldrar veltu. Dæmi um þetta eru fyrirtæki í ferjurekstri, þar sem farþegaflutningar eru undanskildir virðisaukaskatti, en vöruflutningar ekki.


Á sínum tíma var lögum breytt þannig að Spölur ehf. gæti nýtt sér allan innskatt af byggingarkostnaði Hvalfjarðarganga en á móti var settur 14% útskattur á gjald fyrir aðgang að samgöngumannvirkjum. Gildir þetta einnig ef farið verður í framkvæmdir með sams konar hætti í framtíðinni. Má segja að þessi ákvörðun hafi ásamt öðru haft úrslitapýðingu fyrir ákvörðunartöku um að farið var út í áður nefnda framkvæmd. Nýting innskatts þýddi um 20% lægri kostnað, sem þurfti að fjármagna, styttri uppgreiðslutíma lána og mun minni fjármagnskostnað. Einnig þýddi þetta að Spölur ehf. hefur getað nýtt sér allan innskatt af viðhalds- og rekstrarkostnaði á rekstrartímanum.

Ef virðisaukaskattskylda af aðgangi að samgöngumannvirkjum verður afnumin fellur um leið niður heimild til nýtingar innskatts af byggingarkostnaði svo og af viðhalds- og rekstrarkostnaði þessara mannvirkja. Má því ætla að verulega dragi úr fýsileika þess að farið verði í framtíðinni út í stórframkvæmd í samgöngumálum með svipuðum hætti og gert var í Hvalfjarðargöngunum.

Einnig þarf að skoða hver áhrif þessa yrðu á rekstrarkostnað Spalar ehf. Líklegt er að Spölur ehf. þurfi að hækka grunn gjald sitt til að mæta þeirri kostnaðaraukningu, sem verður af því að mega ekki nýta innskatt af aðföngum.

Af framangreindu telur Vegagerðin þessa breytingu ekki fýsilegan kost.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri